

Málþing í Keflavík 22. febrúar 2009 – Niðurstöður úr umræðum í hópi númer 5

1. *Getur þjónandi forysta orðið að veruleika í íslensku samfélagi?*

Já. Hópurinn telur að hægt sé að koma á þjónandi forystu í íslensku samfélagi. Það séu í raun ýmsir sem ástundi þjónandi forystu í dag þó þeir hafi ekki skilgreint það sem þjónandi forystu. Margir hafa kynnst þannig stjórnendum. Einnig telur hópurinn að sú hugmyndafræði sem ráðið hefur ríkjum í íslensku samfélagi og sumir hafa kallað peningahyggju hafi hrunið til grunna. Það gerir fólk opnara fyrir nýjum viðhorfum og gildum sem lögð eru til grundvallar þjónandi forystu. Þessi gildi eru auðvitað ekki ný því þau hafa sannað gildi sitt í gegnum aldirnar og margir hafa trúað á þau þrátt fyrir að aðrir stjórnunarstílar hafi verið í tísku.

2. *Getum við breytt valdauppbyggingu vinnustaðanna?*

Já. Grunnildin eru víða til staðar á vinnustöðum. Sum eru stefnumið í fyrirtækjum. Samvinna, samkennd, ábyrðarkennd og siðferðisvitund þurfa að verða hluti af vinnustaðamenningunni. Virkja þarf fólk til að taka ábyrgð á sjálfum sér og byrja að rækta sinn garð. Breyta þarf valdapírámídanum og samsetningu stjórnenda þannig að raunverulegt lýðræði virki þannig að hópurinn ráði saman og taki sameiginlegar ákvarðanir sem byggja á reynslu og þekkingu fólksins.

3. *Hver er þinn skerfur til þjónandi forystu?*

Í hópnum var fólk úr ýmsum áttum úr Kvennakirkjunni, sóknarnefnd, æskulýðsstarfi, mennta- og heilbrigðiskerfinu. Þátttakendur reyndu að laða fram það besta í öðrum og litu á þjónustulund sína sem eitt af því sem skipti máli í því sambandi. Einnig lagði fólk sig fram við það í stórfjölskyldunni að vera þjónandi leiðtogar ekki síður en á öðrum vettfangi sem það starfaði.

Í hópnum voru: Birgir úr sóknarnefndinni, Guðrún gjaldkeri úr Kvennakirkjunni, Lilja kennari og æskulýðsstjórnandi, Kristinn rektor, Sigrún kennari og Elías hjúkrunarfræðingur.